

# 49. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

49. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 13. mars 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Jakob H. P. Burgel Ingvarsson áheyrnarfulltrúi frá ungmennaráði sat fundinn.

Helgi S. Haraldsson boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	<b>1711264 – Viðbygging við leikskólann Álfheima</b>
	<i>Framkvæmda- og veitustjóri fór yfir stöðu hönnunar vegna viðbyggingar við leikskólann Álfheima við Sólvelli. Gert er ráð fyrir að bjóða verkið út í byrjun ágúst nk., reiknað er með að framkvæmdir taki eitt ár.</i>
2.	<b>1803093 – Sunnulækjarskóli 6. áfangi 2018</b>
	<i>Framvinduskýrslur frá eftirlitsaðila vegna janúar og febrúar lagðar fram. Verkið er á áætlun og verklok eru áætluð fyrir skólabyrjun í haust.</i>
3.	<b>1706058 – Gatnagerð í Hagalandi 2017-2018</b>

	<i>Niðurstaða útboðs lögð fram. Tveir lágstbjóðendur uppfylltu ekki skilyrði útboðsgagna. Stjórnin samþykkir að taka tilboði Borgarverks ehf. um verkið sem hljóðar upp á 218.871.000. Verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar, áætluð verklok eru í september/október 2018.</i>
<b>4.</b>	<b>1803082 – Miðbær Selfoss 2018</b>
	<i>Samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa D-lista að fela framkvæmda- og veitustjóra að hefja hönnun hitaveitu í miðbæ Selfoss og vinna kostnaðaráætlun um verkið. Fulltrúi S-lista situr hjá við afgreiðslu málsins.</i>
<b>5.</b>	<b>1704230 – Ingólfsfjall vatnsvernd</b>
	<i>Sigurður Þór kom inn á fundinn og kynnti hugmyndir um öryggisgirðingar á vatnsverndarsvæði við Ingólfsfjall.</i>
<b>6.</b>	<b>1802016 – Vátryggingayfirlit veitu- og hafnarmannvirkja Árborgar 2018</b>
	<i>Stjórnin samþykkir að endurnýja tryggingar á hafnarmannvirkjum við ströndina.</i>
<b>7.</b>	<b>1803094 – Hreinsunaráttak í Árborg 2018</b>
	<i>Stjórnin samþykkir að hreinsunaráttak í Árborg 2018 verði með óbreyttu sniði dagana 7.-12. maí.</i>
<b>8.</b>	<b>1803095 – Leigusamningur um jarðhitaréttindi við Búnaðarsamband Suðurlands</b>
	<i>Samningur um jarðhitaréttindi í landi Stóra Ármóts lagður fram og kynntur. Stjórnin felur formanni og framkvæmda- og veitustjóra að undirrita samninginn.</i>
<b>9.</b>	<b>1612166 – Samningur um jarðhitaréttindi Oddgeirshólum</b>

	<i>Lagður var fram samningur við Hitaveitufélag Hraungerðishrepps um vatnsöflun og jarðhitaréttindi á landi jarðarinnar Oddgeirshóla. Stjórnin felur formanni og framkvæmda- og veitustjóra að undirrita samninginn.</i>
<b>10.</b>	<b>1803096 – Gatnagerð í Björk 2018</b>
	<i>Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að undirbúa verkhönnun á gatna- og veituhönnun í Björkurlandi.</i>
<b>11.</b>	<b>1803097 – Knatthús Selfossi 2018</b>
	<i>Stjórnin samþykkir að hefja vinnu við undirbúning að útboði á knatthúsi við íþróttavöllinn við Engjaveg.</i>
<b>12.</b>	<b>1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.</b>
	<i>Málinu frestað.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:30

Gunnar Egilsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Guðmundsson

Sandra Dís Hafþórsdóttir

P. B. Ingvarsson

Jón Tryggvi

Jakob H.